



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Spænska – 4. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og er ákveðinn orðaforði tekinn fyrir í hverju þema. Nemendur rifja upp það sem þeir hafa lært fram að þessu og auka enn frekar við þekkingu sína í tungumálinu. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 9 ára bekk eru eftirfarandi: Almennar setningar í daglegu tali, að lýsa tilfinningum og líðan, útlit og persónueinkenni, orðaforði yfir fjölskyldumeðlimi, fræðsla um Día de los Muertos, að lýsa veðri og árstíðum, orðaforði yfir andlit og líkama, heiti á fatnaði, heiti yfir herbergi og húsgögn, vikudagar, mánuðir, árstíðir og klukkan. Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

Matsviðmið

Frásögn

Notað þann orðaforða og setningar sem farið hefur yfir í munnlegri tjáningu.

Byggt ofan á fyrri þekkingu sína á tungumálinu.

Notað sífellt flóknari setningar og orðaforða.

Borið orðin rétt fram og af öryggi.

Tjáð sig nokkuð hnökralaust.

Lesskilningur

Þekkt allan þann grunnorðaforða sem æfður hefur verið markvisst frá upphafi tungumálanámsins og gagnast í daglegu tali.

Notað þá tungumálaþekkingu sem hann hefur öðlast í tungumálanámi sínu frá upphafi til þess að lesa einfalda texta.

Þekkt stafrófið.

Lesið einfalda texta (upphátt eða í hljóði) nokkuð hjálparlaust með því að finna í textanum orð og orðasambönd sem hann hefur lært.

Meningarlæsi

Áttað sig á menningarmun á milli landa þar sem tungumálið er talað og hans heimalands.

Talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað og hvaða heimsálfum þau tilheyra.

Öðlast þekkingu á helstu hátíðum í spænskumælandi löndum

Þekkt þjóðfána Spánar og fleiri spænskumælandi landa

Sungið sífellt flóknari söngtexta á tungumálinu.

Bent á líkindi orðaforða sem hann þekkir úr ensku og spænsku.

Námshæfni

Notað ýmis hjálpargögn til að festa nýjan orðaforða í sessi.

Metið hvort hann hafi leyst verkefni vel eða illa af hendi.

Tengt nýjan orðaforða og umfjöllunarefni kennslustunda því sem hann þekkir úr sínu tungumáli og umhverfi.

Unnið verkefni sem einstaklingur, í þörum og hópum.

Ritun

Öðlast frekari færni í að skrifa orð á erlenda tungumálinu.

Skrifað einfaldar setningar á tungumálinu.

Skrifað stuttan texta með einföldum orðum.

Samskipti

Tjáð sig af auknu öryggi.

Myndað lengri setningar í samtölum.

Tekið þátt í einföldum samræðum um líðan og daglegt líf.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum, verkefni sem nemendur hafa unnið og niðurstöður úr munnlegum og/eða skriflegum könnunum. Undir lok vetrar fram skyndipróf til að meta almenna þekkingu nemenda á tungumálinu.